

1994 nr. 15 16. mars**Lög um dýravernd****I. kafli. Gildissvið laganna.**

■ **1. gr.** Lög þessi taka til allra dýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

□ Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal jafnframt fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. kafli. Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

■ **2. gr.** Skylt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli.

■ **3. gr.** Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu.

□ Tryggja skal dýrum eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Koma skal í veg fyrir hávaða þar sem dýr eru höfð í vörslu.

□ Eigendur og umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og gera viðhlítandi ráðstafanir til að koma megi í veg fyrir vanlíðan dýranna. Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum, sbr. 7. gr. laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og sérákvæði í reglugerðum um einstakar búfjártegundir.

■ **4. gr.** Að vetri til, þegar búfé er haldið til beitar eða látið liggja við opið, skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu reglulega en daglega eða oftar ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis. Heimilt er sveitarstjórn, að fengnum tillögum dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til séu fyrrgreind skilyrði ekki uppfyllt.

■ **5. gr.** Umhverfissráðherra setur í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við innlokun dýra í búrum eða þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

□ Þegar búfé á í hlut skal einnig fara að reglum settum samkvæmt lögum um búfjárhald.

■ **6. gr.** Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

■ **7. gr.** Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar.

■ **8. gr.** Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er og gera viðhlítandi ráðstafanir, þar á meðal þær sem greindar eru í 9. gr., eftir því sem við á.

■ **9. gr.** Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti ber honum að veita því umönnun eftir föngum. Gera skal lögreglu eða dýralækni viðvart eins fljótt og unnt er. Náist ekki til þeirra og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl séu banvæn er heimilt að deyða dýrið og tilkynna það síðan til lögreglu.

■ **10. gr.** Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Ef

eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

□ Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum um varnir gegn smitandi búfjárjúkdómum.

■ **11. gr.** Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

□ Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum að höfðu samráði við yfirdýralækni.

III. kafli. Dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

■ **12. gr.** Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tæmningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis.

□ Leyfi umhverfissráðherra þarf til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

□ Umhverfissráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

¹⁾ Rg. 499/1997. Rg. 537/1998.

IV. kafli. Aðgerðir á dýrum og aflifun.

■ **13. gr.** Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknaaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

□ Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr en yfirdýralækni getur þó í undantekningartilvikum veitt þjálfuðum mönnum leyfi til geldinga.

□ Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið.

□ Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli sem takmarka aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

■ **14. gr.** Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör.

□ Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfissráðherra er, að höfðu samráði við yfirdýralækni, heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflifun dýra við slátrun.

V. kafli. Dýraveiðar.

■ **15. gr.** Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

□ Við dýraveiðar skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. kafli. Tilraunir á dýrum.

■ **16. gr.** Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

□ Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

□ Umhverfissráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann hafa lokið háskólanámi og hafa þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Auk þeirra á yfirdýralæknir sæti í nefndinni og er hann formaður hennar.

□ Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

□ Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

□ Umhverfissráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. kafli. Skipan dýraverndarmála.

■ **17. gr.** Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

□ Dýraverndarráð, skipað af umhverfissráðherra til fjögurra ára í senn, hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. [Einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands],¹⁾ einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfissráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Varamenn skuli skipaðir með sama hætti.

□ Ávallt skal leita umsagna dýraverndarráðs við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd og við leyfisveitingar á grundvelli laga þessara. Þá ber ráðinu að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu og vera honum til ráðuneytis að öðru leyti. Dýraverndarráð skal láta héraðsdýralæknum, lögreglu, ákærvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd sé þess óskað. Ráðið skal auk þess vinna að því að skilningur og þekking almennings á dýravernd verði aukin.

□ Kostnaður við starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

¹⁾ L. 73/1996, 29. gr.

VIII. kafli. Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

■ **18. gr.** Lögreglu ber að hafa eftirlit með aðstæðum og aðbúnaði dýra samkvæmt lögum þessum. Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim er verða þess varir að tilkynna það lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralækni eða dýraverndarráði.

□ Að kröfu héraðsdýralæknis eða fulltrúa dýraverndarráðs er lögreglu skylt að fara í fylgd annars hvors þeirra eða beggja á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr.

□ Sé um minni háttar brot að ræða skal lögreglustjóri, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri fyrirskipa úrbætur á hans kostnað eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

□ Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn dýra-

verndarlögum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hættu er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna lögreglustjóra þessar aðgerðir þegar í stað og skal hann í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarráðs og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

□ Telji lögreglustjóri nauðsynlegt til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum getur hann fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr., enda hafi dýraverndarráð eða héraðsdýralæknir gert tillögu um það. Bráðabirgðaleyfisvipting gildir þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað stjórnýsluumdæmi.

□ Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum, sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr., og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

□ Lögreglustjórar úrskurða hvort eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera útgjöld skv. 2. og 4. mgr. og hve há þau skuli vera. Þeir úrskurðir eru aðfararhæfir.

■ **19. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að einu ári].¹⁾ Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

□ Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

¹⁾ L. 82/1998, 212. gr.

■ **20. gr.** Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákærvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Sá sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki dómi um heimildarsviptingu skal sæta sektum.

■ **21. gr.** Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Brjóti barn, yngra en 16 ára, gegn lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

■ **22. gr.** Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. kafli. Gildistaka og stjórnvaldsfyrirmæli.

■ **23. gr.** Umhverfisstjórnsetur reglugerðir samkvæmt lögum þessum enda séu þær í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Reglugerðir og önnur stjórnvalds-

fyrirmæli um dýravernd, sem sett hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi uns ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.¹⁾

¹⁾ Rg. 158/1957, rg. 127/1958, sbr. 232/1968, rg. 77/1973 og rg. 125/1986. Rg. 635/1996. Rg. 499/1997.

■ **24. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. . . .

ELDDRI ÚTGÁFA